

9. Tilskipun um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur kaupstað og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

1874.

14. febrúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur kaupstað og fl., og eptir að lög, sem út komin eru í dag, hafa veitt hinu almenna brunabótafélagi kaupstaðanna heimild til að taka hús í fyrnefndum kaupstað í tæð brunabótafélag frá 1. oktbrm. 1874, hjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Frá 1. oktbrm. 1874 skal öllum húsum í Reykjavík, hvort sem þau eru eign hins opinbera eða einstakra manna — hinum svonefndu bæjum (húsum úr grjóti og torfi) þó því að eins, að eigendurnir æski þess —, haldið í ábyrgð, með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hér á eptir, þannig að húsin að því leyti, er snertir $\frac{2}{3}$ af ábyrgðarverði þeirra, verði tekin í hið almenna brunabótafélag kaupstaðarhúsa í Danmörku, en Reykjavíkur kaupstaður sjálfur taki að sèr ábyrgðina fyrir $\frac{1}{3}$ af ábyrgðarverðinu, bæði þegar skaðinn er gjörsamlegur og þegar hann að eins snertir nokkurn hluta eignarinnar.

2. grein.

Frá sama tíma skulu eigendur húsa þeirra, sem tekin eru í ábyrgð, jafnt og aðrir hluttakendur í tæðu brunabótafélagi, einn fyrir alla og allir fyrir einn takast á hendur skuldbindingar þær, sem hvíla á félaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. grein.

Að svo miklu leyti, sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafélag kaupstaðarhúsa, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar

1874.

viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík,
14. febrúar. þó þannig:

- a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, og ákvörðunum þeim, er nú gilda um hina dönsku kaupstaði, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist við, á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafélagið;
- b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabóttagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 29 aurar (14 sk.) af hverjum 200 krónum (100 rd.) fyrir hús með þaki úr trè, eða öðru efni jafneldfimu, og 16 aurar (8 sk.) af hverjum 200 krónum (100 rd.) fyrir önnur hús;
- c. að greiða skuli tillag það til umboðssjóðsins, sem fyrir er mælt um í auglýsing 9. apríl 1872, IV., 4. gr., með 12 aurum (6 sk.) af hverjum 200 krónum (100 rd.) af ábyrgðarverðinu;
- d. að stjórn brunabótafélagsins hafi heimild til, að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð yfir öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð félagsins, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðina og virða húsin að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura (1 rd. 64 sk.) á dag og virðingarmönnunum, hverjum fyrir sig, 2 krónur (1 rd.) á dag, en auka-ábyrgðargjald það, sem fyrir er mælt um í auglýsing 9. apríl 1872, IV., 8. gr., fellur burt;
- e. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nè hafi fulltrúa sèr í félaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

Reglur þær, sem settar eru viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum um það, að gjöra upp skaðabætur, og um það hvernig þeim skuli verja, skulu gilda fyrir Reykjavík fyrir allt ábyrgðarverð þeirra húsa, sem í hlut eiga.

4. grein.

1874.

14. febrúar.

Áður en húsin eru tekin í brunabótafélagið samkvæmt 1. gr., skal dómsmálastjórnin sjá um, að haldin verði eptir hinum almennu reglum (sbr. 3. gr.) virðingargjörð á öllum þeim húsum, sem í hlut eiga. Kostnaðinn við gjörðir þessar, — en fyrir þær skal borga brunamála-forstjóranum 6 krónur (3 rd.) á dag, en virðingarmönnunum, hverjum fyrir sig, 4 krónur (2 rd.) á dag —, skulu húseigendurnir greiða að tiltölu við ábyrgðarverðið, en aptur á móti skal eigi greiða neitt auka-ábyrgðargjald samkvæmt auglýsing 9. apríl 1872, IV., 8. gr.

5. grein.

Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð; sérilagi skal bæjarstjórnin, þegar húsin eru virt í fyrsta skipti samkvæmt 4. gr., láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign, og verður eigi nokkurt hús tekið í ábyrgð fyrir meira, en bæjarstjórnin álitur hæfilegt.

6. grein.

Brunabótalgjaldið bæði til hins almenna brunabótafélags kaupstaðarhúsa í Danmörku og til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir þann hluta ábyrgðarinnar, sem hann tekst á hendur, — að með töldu aukagjaldi því, sem greiða ber, þegar ábyrgð er fengin annarstaðar fyrir þeirri ábyrgð, sem bærinn tekur að sér —, hvílir á eignum þeim, sem undir ábyrgðinni eru, og gengur fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það eigi er greiðt á réttum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á konunglegum sköttum.

7. grein.

Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafélag kaupstaðarhúsa helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu bréfi 29. maí 1839, sérilagi að því, er snertir milli-

1874.
14. febrúar.

bilid milli húsanna, nema samið sè um það við fulltrúa brunabótafélagsins.

8. grein.

A öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; samt skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum, að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti, er snertir útihús og önnur þessháttar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því leyti, er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, samt ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tilfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengið.

9. grein.

Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

10. grein.

Fulltrúum brunabótafélagsins skal áskilinn réttur til að breyta með samþykki dómsmálastjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b., c. og e., þegar 10 ár eru liðin.

11. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir hinar nákvæmari ákvarðanir, til þess að setja skipun þessa í verk.

12. grein.

1874.

Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafélaginu, — 14. febrúar.
 en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annað-
 hvort að öllu eða að nokkru leyti verður úr gildi numið —,
 hafa húseignurnir ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða umbods-
 sjóðs brunabótafélagsins.

13. grein.

Hinar nákvæmari reglur bæði um það, hvað mikið bruna-
 bótagjald það skuli vera, sem greiða á fyrir þann hluta ábyrgð-
 arinnar, sem Reykjavíkur kaupstaður tekst á hendur, — hærmeð
 talið aukagjald, þegar ábyrgð er fengin annarstaðar fyrir þeirri
 ábyrgð, sem bærinn tekur að sér —, og um fyrirkomulagið á við-
 skiptum húseignanna og kaupstaðarins að því leyti, er snertir
 skuldbinding þá, sem hann hefir tekizt á hendur, skulu settar
 með reglugjörð, sem bæjarstjórnin býr til og landshöfðingi staðfestir.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sér þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.¹

Eptir að því máli optar hafði verið hreyft, að taka Reykja-
 vík í eitthvert hinna dönsku brunabótafélaga, var lagt fyrir al-
 þingi 1863 frumvarp um, að hús í tæðum kaupstað skyldu tekin
 í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða með fullu virðingar-
 verði, og er alþingi með einstökum breytingum, sem minna kvað
 að, hafði fallizt á frumvarp þetta, var þess farið á leit hjá
 löggjafarvaldi Danmerkur að fá heimild handa brunabótafélagi
 kaupstaðanna til þess að taka Reykjavíkurkaupstað í félagið.
 Málið varð torsótt á ríkisþinginu, með því það þókti ísjárvert, að
 leggja brunabótafélagi kaupstaðanna, sem yrði að skoða sem
 einstakra manna félag, frekari ábyrgð á herðar, á meðan svo

¹) Tíðindi frá alþingi 1873 I., 15, 279—283, 297—298 og 370;
 II., 60—73, 205—208, 222 og 240—41.

1874.
14. febrúar.

stæði á, að þeir, sem hlut ætti í því, eigi með einhverju móti hefði fulltrúa í stjórn félagsins, og fulltrúum eigi hefði verið gefinn kostur á, að láta álit sitt í ljósi, og sökum þess varð það ofan á, að fresta málinu, þangað útkljáð væri um, hvort félagið skyldi hafa fulltrúa í stjórninni. Þegar búið var að gjöra út um þetta með lögum 14. maí 1870, var málið tekið fyrir aptur, og eptir að fulltrúarnir höfðu gengið að því, að Reykjavík yrði tekin í félagið, með því móti, að Reykjavíkur-kaupstaður skyldi sjálfur taka að sér $\frac{1}{3}$ af ábyrgðinni, þannig að einungis fengist ábyrgð fyrir húsunum hjá brunabótafélagi kaupstaðanna fyrir $\frac{2}{3}$ af virðingarupphæðinni, — en hitt skyldi greiðast af sjóði kaupstaðarins, ef eldsvoði kæmi upp —, var það afráðið að semja frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað, sem svo var lagt fyrir alþingi 1873.

Þingið ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lét uppi álit sitt um það eins og hér skal frá skýrt.

Þingið féllst á frumvarpið í heild síuni og tók að eins fram nokkur atriði í því, sem það óskaði fyrir hönd Reykjavíkur að hagkvæmari væri, svo sem t. a. m. í fyrsta lagi þá ákvörðun í 1. grein, að brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða taki að sér að eins ábyrgð fyrir $\frac{2}{3}$ af verði húsananna, en kaupstaðurinn sjálfur taki að sér ábyrgðina fyrir $\frac{1}{3}$, með því að bærinn gæti þetta ekki af eiginu rammleik, heldur neyddist til að fá þá ábyrgð hjá einhverju útlendu félagi; í öðru lagi það, að brunabótagjaldið sjálft og sömuleiðis gjaldið til umboðssjóðsins væri talsvert herra en í hinum dönsku kaupstöðum, og svo þá ákvörðun, að fulltrúum félagsins væri áskilinn réttur til, að breyta brunabótagjaldinu og tillaginu til umboðssjóðsins. En viðvíkjandi þessu síðasta atriði treysti þingið því, að stjórnin sæi um, að gjaldið yrði eigi ósanngjarnt eða hækkað að óþörfu, með því að slíkt gæti valdið því, að Reykjavíkurbúar sæi sig neydda til, að segja skilið við brunabótafélagið, og væri þá óvíst, að þeir gæti fengið ábyrgð annarstaðar fyrir húsum sínum.

Þrátt fyrir þessu atriði, sem þinginu virtust miður hagkvæm, varð þingið þó að játa, að kostir þeir, sem Reykjavíkurbúum væri settir, eigi væri nein frágangssök, þegar um eins áriðandi mál-

efni væri að ræða fyrir bæinn sem þetta, og lagði þingið því til, að frumvarpið yrði löggilt sem allrafyrst.

1874

14. febrúar.

Síðan bar dómsmálastjórnin frumvarpið upp fyrir konungi, og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum; en sama dag sem frumvarpið kom út sem lagabod, staðfesti konungur lög, sem ríkisþingið hafði samþykkt, um heimild fyrir brunabótafélag kaupstaðanna að taka Reykjavík í félagið.¹

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um yfírgang enskra fiskimanna.

19. febrúar.

Um leið og vèr sendum utanríkisstjórninni útskript af dóma-bók Suðurmúlasýslu viðvíkjandi prófi, sem haldið hefir verið útaf brotum, sem drýgð eru gegn tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., mælumst vèr til, þótt eigi sè fullkomlega sannað með fyrnefndu prófi, að það sè enskir fiskimenn, sem hafa gjört sig seka í afbrotum þessum, að utanríkisstjórnin annist um, að ensku stjórninni verði skýrt frá kærnum þeim, sem fram eru komnar, og að skorað verði á hana, að brýna fyrir enskum sjómönnum að gæta þess, sem fyrir mælt er í tæðri tilskipun, með því það virðist efalaust, samkvæmt því sem vitnin hafa borið um byggingarlagið á skipunum og sniðið á seglunum o. s. frv., að enskir fiskimenn hafi hèr átt hlut að máli.

¹) Lög þessi, sem að eins eru út komin á Dönsku, eru svo hljóðandi:

Lög

um

heimild fyrir hið almenna brunabótafélag kaupstaðanna til að taka hús í Reykjavíkur kaupstað í félagið.

Vèr Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

Hinu almenna brunabótafélagi kaupstaðanna veitist hèrmeð heimild til að taka hús í kaupstaðnum Reykjavík á Íslandi í tæð félag.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.